

Víkin

- Stofnuð 2009 undir GRV
 - Valkvætt úrræði fyrir foreldra.
- Kirkjugerði tók við starfsemi Víkurinnar 2010-2016
 - Ekki lengur valkvætt fyrir foreldra, verklag þróað fyrir yfirfærsluna.
 - Eftir miðjan maí var farið að færa börn yfir á Víkina eftir því sem rými leyfði og bættust þau við hópinn sem fyrir var.
 - Í framhaldi voru börn færð eftir því sem pláss losnuðu, jafnvel eitt í einu.
 - Eftir sumarlokun kom svo restin af viðkomandi árgangi.
- GRV tók aftur við starfsemi Víkurinnar haustið 2016

Víkin-yfirfærsla

- Árgangur 2012, hópur barna af Kirkjugerði fór á Víkina vorið 2017.
 - Þarna hafði Víkin þrjár stofur til umráða.
 - Árgangur 2012 var lítill (38 börn) og hafði því tvær heimastofur/deildir en þriðja stofan notuð sem leikrými.
 - Í lok skólaársins, þ.e. vorið 2018, var fjöldi barna kominn í 45
- Árgangur 2013, tekin var ákvörðun um að taka inn á Víkina heila deild barna vorið 2018. Þetta voru börn af Kirkjugerði og Sóla sem áttu að vera saman á deild næsta skólár.
 - Fjöldinn á Víkinni varð þá rúmlega 60 í þremur stofum.
 - Var þetta gert til að losa um leikskólapláss á Kirkjugerði og Sóla fyrir sumarleyfi.
 - Haustið 2018 fékk Víkin fjórðu stofuna til umráða.
- Árgangur 2014 hóf skólagöngu á Víkinni að hausti 2019. Einnig stór árgangur, yfir 60 börn. Ekki var bið eftir leikskólaplássum.
- Árgangur 2015 hóf skólagöngu á Víkinni að hausti 2020. Fjöldinn var 54 börn. Ekki var bið eftir leikskólaplássum.
- Árgangur 2016 (núverandi árgangur) hóf skólagöngu að hausti 2021. Fjöldinn er 47. Hefur fjórar stofur til umráða. Núna er bið eftir leikskólaplássum.

Umfjöllun um leikskólamál í fræðsluráði

- 349. fundur fræðsluráðs
 - Fræðsluráð áréttar það að leita eigi allra leiða til að tryggja börnum leikskólavist sem fyrst eftir 12 mánaða aldur.
 - Fræðslufulltrúa falið að fara yfir stöðuna ásamt leikskólastjórum og framkvæmdastjóra falið að gera ráð fyrir aukakostnaði.
 - Þarna er fyrst minnst á möguleikann á að flytja fyrr á Víkina eins og áður hefur verið gert.
 - **Starfsmenn sviðs, skólastjórnendur sem mættir voru sem áheyrnarfulltrúar og a.m.k. hluti ráðsmanna man eftir þessu samtali.**
- 350. fundur fræðsluráðs
 - Fræðslufulltrúi fer yfir biðlista og greinir frá því að það sé fyrirséð að í febrúar/mars verði ekki hægt að taka börn inn af biðlista til vors.
 - Fræðsluráð áréttaði mikilvægi þess að leita allra leiða til að tryggja börnum leikskólavist sem fyrst eftir 12 mánaða aldur.
 - Hugmynd rædd frekar að færa börn fyrr á Víkina til að losa um pláss á Sóla og Kirkjugerði og vel tekið í hana.
 - **Starfsmenn sviðs, skólastjórnendur sem mættir voru sem áheyrnarfulltrúar og a.m.k. hluti ráðsmanna man eftir þessu samtali.**
 - Það var því skilningur starfsmanna sviðs og stjórnenda leikskóla að þetta væri sú leið sem væri best til þess fallin að leysa tímabundinn vanda við inntöku 12 mánaða barna. Enda sú leið sem farin hefur verið hingað til!
 - Í framhaldi af fundinum var málið borið undir starfsfólk Víkurinnar sem tók vel í málið.
- 354. fundur fræðsluráðs
 - Farið var yfir stöðu umsókna og stærðir árganga m.t.t. framtíðarstöðu sem horfa þyrfti til, þ.e. haustsins 2022 og næsta árs.
 - Skólaskrifstofu var falið að meta þörfina og koma með tillögur að lausnum.
- 355. fundur fræðsluráðs
 - Fara átti yfir hugmyndir um lausa kennslustofu fyrir haustið til að fjölga leikskólaplássum og að horfa þyrfti til þess hvort byggja þyrfti svo við leikskóla á næstu misserum eða hreinlega byggja nýjan leikskóla. Fulltrúar í ráðinu töldu sig ekki hafa nægjanlegar upplýsingar um málið til að geta tekið afstöðu til viðbyggingar eða nýs leikskóla. Málið var því tekið af dagskrá og ákveðið að það yrði tekið upp á næsta fundi ráðsins.
- 356. fundur fræðsluráðs
 - Ræddar tillögur um lausa kennslustofu, viðbyggingu og/eða nýjan leikskóla, þ.e. framtíðarplön því vorönnina var búið að leysa með fyrirhuguðum flutningi á Víkina.

Framkvæmdin

- Fræðsluráð kom ekki að því að útfæra yfirfærsluna frá Sóla/Kirkjugerði yfir á Víkina. Starfsmenn skólaskrifstofu og leikskólastjórnendur sáu um það.
- Formaður spurði stundum fréttu um málið en litlar upplýsingar hægt að veita enda var þetta alltaf háð því að það tækist að bæta við starfsfólki á Víkina til að taka á móti fleiri börnum.
- Í lok febrúar var ljóst að hægt yrði að manna stöður á Víkinni svo fleiri börn gætu sótt nám þar.
- Biðlistinn var á þeim tímapunkti þannig að börn á biðlista voru að bíða eftir plássi á Sóla. Kirkjugerði hafði tekið börn, sem voru á bið eftir plássi þar, inn jafnt og þétt frá hausti.
- Því var tekin ákvörðun um að færa tvo drengjahópa og einn stúlknahóp af Sóla á Víkina 2. maí nk., samtals 19 börn. Einn stúlknahópur yrði þá eftir á Sóli. Var þessi ákvörðun borin undir deildarstjóra og starfsfólk Víkurinnar sem treystu sér í þetta verkefni enda verið gert áður og ávallt gengið mjög vel.
- Heildarfjöldi barna á Víkinni yrði þá 66 með fjórar stofur. Fermetra fjöldi leik- og kennslurýma á barn yrði þá í kringum 3,2fm en viðmið skv. gömlu reglugerðinni eru 3,0fm Ekki er tiltekinn fermetra fjöldi í nýjustu reglugerðinni heldur sveitarfélögum gert að setja sín viðmið í samræmi við markmið laga og aðalnámskrár.
- Sameina átti þrjá hópa í tvo á Víkinni og hóparnir af Sóla áttu að vera saman á einni deild. Fjórðu stofuna átti að nota fyrir hópastarf.
- Næsta skref var að upplýsa hópstjórana á Sóla sem leikskólastjóri gerði.

Upplýsingar til foreldra

- Um leið og starfsmenn Sóla og Víkurinnar höfðu verið upplýstir var mikilvægt að upplýsa foreldra sem fyrst.
- Neðangreindur tölvupóstur var sendur til foreldra barna á Sóla föstudaginn 4. mars. Með póstinum fylgdi fundarboð um fund síðdegis á mánudeginum:

Kæru foreldrar.

Í dag er staðan í biðlistamálum Sóla orðin þannig að börn eru farin að eldast þar en markmið bæjaryfirvalda er að börn fái boð um skólagöngu sem fyrst eftir að þau hafa náð 12 mánaða aldri. Báðir leikskólarnir, Kirkjugerði og Sóli, eru fullsetnir og því höfum við þurft að leita lausna til að geta tekið inn elstu börnin af biðlistanum eins fljótt og kostur er.

Á Víkinni er svigrúm og aðstaða til að taka fyrstu börnin í árgangi 2017 inn fyrr en áætlað var og með þeim hætti má búa til pláss á Sóla til að taka börn inn af biðlistanum. Frá 2. maí getur Víkin boðið góðum hópi barna í árgangi 2017 að hefja skólagöngu sína þar.

Skóla- og hópstýrum á Sóla hefur nú verið falið að finna lausn varðandi þessa óvenjulegu stöðu sem upp er komin.

Upplýsingar til foreldra frh.

- Þann 5. mars var eftirfarandi upplýsingapóstur sendur til foreldra barna á Víkinni:

Góðan dag kæru foreldrar barna í Víkinni

*Ykkur til upplýsinga þá verða breytingar hjá okkur í vor. Staðan er sú að nú vantar orðið leikskólapláss fyrir börn sem eru fædd í byrjun árs 2021 og eru bæði Sóli og Kirkjugerði ekki með laus pláss eins og staðan er núna. En það er svigrúm hjá okkur í Víkinni að taka á móti fleiri börnum og til þess að geta losað um í hinum skólunum hefur sú ákvörðun verið tekin af skólaskrifstofu og stjórnendum að Víkin taki fyrr við hluta árgangs 2017 **en venja er**. Hluti árgangs 2017 mun því byrja hjá okkur í byrjun maí og er vinna hafin við að skipuleggja komu þeirra yfir í Víkina. Við munum upplýsa ykkur frekar um þetta í foreldraviðtölum sem verða nú í mars.*

Heyrumst svo á mánudag.

Upplýsingar til foreldra frh.

- Mánudaginn 7. mars var foreldrafundur haldinn á Sóla með foreldrum barna í árgangi 2017
- Leikskólastjóri fór yfir stöðuna og tilkynnti hvaða hópar færu fyrir sumarfrí á Víkina.
- Skýrt var tekið fram að hóparnir yrðu saman sem einn hópur á deild á Víkinni.
- Að öðru leyti var ekki hægt að veita frekari upplýsingar á þeim tímapunkti þar sem verið var að vinna að málum en tekið fram að frekari upplýsingar kæmu innan skamms.

Frekari upplýsingar til foreldra

- Föstudaginn 11. mars var eftirfarandi upplýsingapóstur sendur til foreldra Víkurbarna:

Kæru foreldrar barna í Víkinni.

Vegna þeirra breytinga sem fyrirhugaðar eru í Víkinni.

Við höfum heyrt af áhyggjum ykkar varðandi þær breytingar sem fyrirhugaðar eru í Víkinni, við viljum hins vegar fullvissa ykkur um að við munum leggja okkur fram við að standa vel að þessum breytingum, börnin eru alltaf í fyrirrúmi hjá okkur og við munum tryggja að þeim líði vel og séu áfram glöð og kát í leikskólanum.

Deildunum þremur verður blandað og munu hafa til umráða tvær stofur, Heimaklett og Miðklett. Þessar tvær stofur verða heimastofur barnanna og í viðhengi má sjá í hvaða heimastofu þitt barn mun mæta á morgnana. En athugið að börnunum verður mikið blandað milli stofa í daglegu starfi.

Börnin sem koma frá Sóla munu vera öll saman í einni stofu, Ystakletti.

Heimaklettur og Miðklettur rúma vel þann fjölda nemenda sem núna er í Víkinni, einnig verða öll auka rými nýtt, Víkin hefur til umráða auka stofu, Herjólfsdal og einnig hafa þau til umráða lausar kennslustofur í skólanum, salinn og auðvitað útisvæðið. Skólaslit eru svo 3. júní og þá verður nægt rými sem hægt verður að nýta.

Lagt verður upp með að nemendur (fædd 2016) blandist mikið og ekki verði hefðbundin hópaskipting, nemendur þekkjast vel, eru góðir vinir og eru vön því að blandast milli deilda og þekkja allt starfsfólkið svo þetta á ekki að vera mikil breyting fyrir þau. Vorið verður notað í útiveru, göngu- og vettvangsferðir auk hefðbundinnar starfsemi, þau munu ljúka sínu skólaári í Víkinni með hefðbundnum hætti.

Einstaklingsforeldraviðtöl eru á dagskrá nú í mars, þá hafið þið tækifæri til að fá frekari upplýsingar ef þörf er á.

Frekari upplýsingar til foreldra

- Í framhaldi fór eftirfarandi póstur á foreldra Sólabarna:

Nemendur af Sóla verða öll saman á einni deild, Ystakletti fram að sumarlokun/hausti. Verið er að vinna í starfsmannahaldi á þeirri deild en ljóst er að deildarstjóri verður Hildur Rún Róbertsdóttir og Linda Óskarsdóttir verður einnig starfsmaður á þessari deild.

Samkvæmt verkferli verður svo deildarskipting fyrir skólaárið 2022-2023 kynnt í byrjun ágúst og það verða hóparnir sem verða saman út skólaárið.

Stefnt er að upplýsingafundi í lok næstu viku fyrir foreldra þeirra barna sem munu fara á Víkina í byrjun maí. Á þeim fundi mun vera farið yfir aðlögun barnanna og starfsemina á deildinni þeirra fram að sumarlokun.

Almennur kynningarfundur fyrir alla foreldra barna fædd 2017 verður svo haldinn í maí þar sem starfsemi vetrarins verður kynnt nánar.

Við viljum fullvissa ykkur um að við munum leggja okkur fram við að standa vel að þessum breytingum, börnin eru alltaf í fyrirrúmi hjá okkur og við munum tryggja að þeim líði vel og séu glöð og kát í leikskólanum. Börnin eru flest öll spennt að byrja í Víkinni þegar að þeim tímapunkti kemur. Það er vel tekið á móti þeim og þeim líður vel þar eins og í hinum leikskólunum. Það er mikilvægt að við tölum vel um þessar breytingar við þau og gerum upplifun þeirra góða.

Fundur með foreldrum

- Foreldrar barna í árgangi 2016 og 2017 óskuðu eftir fundi með fræðslufulltrúa, stjórnendum Víkurinnar og Sóla.
- Fundurinn var mánudaginn 14. mars og þar ræddu foreldrar áhyggjur sínar varðandi málið.
- Í framhaldi var farið yfir málið af skólaskrifstofu og stjórnendum leikskóla og eftirtaldar breytingar á fyrirkomulaginu gerðar:
 - Flutningi seinkað til 3. júní og þá inntöku barna á Sóla sömuleiðis.
 - Eingöngu drengjakjarnar af Sóla fara á Víkina í júní.
 - Hópar á Víkinni haldast óbreyttir.

Upplýsingar um breytingar

- Miðvikudaginn 16. mars voru foreldrar boðaðir á foreldrafundi þar sem þeir fengu upplýsingar um breytingarnar, sjá fundarboð hér fyrir neðan.
- Foreldrar barna á Sóla fengu jafnframt upplýsingar um aðlögunarferlið, foreldrafundinn í maí og helstu áherslur í starfi.
- Fundirnir gengu vel og var ekki annað að sjá en að foreldrar væru sáttir við þessa niðurstöðu.

Til foreldra barna í árgangi 2017

Þið hafið komið áhyggjum ykkar á framfæri varðandi flutningi barna í árgangi 2017 yfir á Víkina fyrr en áætlað var. Við höfum hlustað á þessar áhyggjur og leitað leiða til þess að finna lausn sem vonandi mildar þær.

Við óskum eftir að hitta ykkur á stuttum upplýsingafundi á Sóla fimmtudaginn 17. mars kl. 16:30-16:50 til þess að fara yfir málið með ykkur. Við biðjumst velvirðingar á þessum stutta fyrirvara en okkur finnst mikilvægt að hitta ykkur sem fyrst.

Til foreldra barna í árgangi 2016

Þið hafið komið áhyggjum ykkar á framfæri varðandi það hvaða áhrif flutningur barna í árgangi 2017 muni hafa á ykkar börn. Við höfum hlustað á þessar áhyggjur og leitað leiða til þess að finna lausn sem vonandi mildar þær.

Við óskum eftir að hitta ykkur á stuttum upplýsingafundi í sal Hamarsskóla fimmtudaginn 17. mars kl. 16:00-16:20 þar sem við viljum fara yfir málið með ykkur. Við biðjumst velvirðingar á þessum stutta fyrirvara en okkur finnst mikilvægt að hitta ykkur sem fyrst.